

# KJÓSTU → ÖÐRUVÍSI



# ÖÐRUVÍSI STJÓRNMÁL Á FORSENDUM FÓLKSINS

Þegar við Píratar horfum fram á veginn sjáum við sannarlega áskoranir, en þó aðallega tækifæri. Efnahagskerfi heimsins hafa leikið umhverfi og náttúru grátt og ýtt undir ójöfnuð, en ekki er þó öll von úti enn. Ísland hefur einstaka burði til að skara fram úr þegar kemur að endurreisn vistkerfa, eflingu mannréttinda og uppbyggingar á frjálslyndu samfélagi sem virðir allt fólk til jafns.

Píratar hafa aldrei og munu aldrei stunda pólitísk hrossakaup og sérhagsmunagæslu. Við munum aldrei láta annað en gagnrýna hugsun ráða för. Við tökum ákvarðanir út frá gögnum og þekkingu, ekki þrýstingi frá hagsmuna- og valdablokkum, andstætt því sem tíðkast í of mörgum íslenskum stjórnmalaflokkum. Í litlu samfélagi eins og Íslandi þar sem frændhygli og flokkadrættir eru allsráðandi eru slík stjórnmal ekki aðeins nauðsynleg, heldur líka arðbær. Því í spillingu felst gríðarlegt, fjárhagslegt tap fyrir samfélagið, sem gerir okkur fátækari, vanhæfari og óöruggari. Píratar vita að á erfiðum tímum er auðvelt að horfa til skyndilausna á flóknum vandamálum, en því miður munu slík meðöl aldrei duga til. Þau sem óska eftir stuðningi kjósenda til að leiða landið áfram verða að vera með heildstæða framtíðarsýn sem byggir á samvinnu, virðingu fyrir náttúrunni, jákvæðni og baráttuþreki.

## Nýtum styrkleikana til góðs

Íslendingar hafa sýnt í gegnum tíðina að þegar í harðbakkann slær erum við samhent, einhuga og gríðarlega dugleg. Sést það kannski best á því að hér býr enn fólk, þrátt fyrir veðurofsa, eldgos, jarðskjálfta og einangrun. Íslendingar eru flest hver frumkvöðlar inn við beinið, sem leysa bæði stór og smá verkefni af einhug og áræðni. Í þessu felst styrkur okkar.

Hvernig væri nú að nýta þessa styrkleika til þess að gera samfélagið okkar að fyrirmynd annarra þjóða? Hvernig væri að gera Ísland að velsældarsamfélagi?

Í velsældarsamfélagi er grunnþörfum allra mætt með aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntun og atvinnu. Lýðræði og þátttaka almennings eru í forgrunni, ásamt virðingu fyrir náttúru og komandi kynslóðum. Hagsæld, félagsleg réttlæti og hamingja mynda undirstöður slíks samfélags.

## Áhersla á hamingju og velferð fólksins

Í velsældarsamfélagi er áhersla á hamingju og velferð fólks. Grunnkerfi samfélagsins, svo sem skólar og heilbrigðiskerfi, standa sterkum fótum og húsnæði er vistvænt og aðgengilegt fyrir öll. Almenningsamgöngur eru í hæsta gæðaflokki, bílaumferð hefur minnkað töluvert og jarðefnaeldsneyti er úr sögunni. Skattkerfið er sanngjarnt og grunnlaun tryggja öllum öruggar tekjur.

Náttúruvernd er í forgrunni með sjálfbærum landbúnaði, endurheimt votlendis og betri dýravelferð. Sameiginlegar auðlindir eru nýttar á sanngjarnan hátt með auðlindagjöldum. Ferðaþjónustan er sjálfbær og ný stjórnarskrá hefur verið samþykkt með áherslu á náttúruvernd og samfélagslegt réttlæti.

## Fólkið fyrst

Vellíðan fólks stuðlar að virkni, samkennd og jákvæðum breytingum fyrir okkur öll. Þetta vita Píratar og þess vegna er áhersla okkar á fólkið sjálft. Til að einfalda kjósendum valið höfum við því tekið saman lista yfir þau stefnumál sem Píratar setja á oddinn. Sum eru einföld og hægt að grípa til þeirra strax. Önnur fela í sér stórar breytingar á þeim kerfum sem íslenskt samfélag hefur þurft að lifa við undanfarna áratugi.

Allar þessar hugmyndir, stefnur, áherslumál og breytingar stefna hins vegar í sömu átt: að byggja upp íslenskt samfélag byggt á samheldni, frjálslyndi og virðingu fyrir mannréttindum og náttúru. Samfélag sem við getum öll verið stolt af.

Píratar eru frjálslynd og græn mannréttindahreyfing

Píratar munu alltaf leyfa náttúrunni og framtíðarkynslóðum að njóta vafans

Píratar setja langtíma hagsmuni frammar skammtímagróða

Píratar ráðast að rót vandans í stað þess að setja plástra á einkenni hans

Píratar segja það sem þeir meina og gera það sem þeir segja —umbúðalaust

Píratar standa vörð um lýðræði og réttindi borgaranna —líka þegar það er óvinsælt

Píratar munu ávallt standa vörð um tjáningarfrelsi

Píratar munu aldrei fórna mannréttindum jadarhópa fyrir völd

Píratar munu ekki ala á ótta og fordómum

Píratar setja réttindi og hagsmuni almennings frammar kröfum kerfisins um hagræði

**PÍRATAR Hafa alltaf barist gegn spillingu og munu gera það áfram**



# → ÁRÍÐANDI AÐGERÐIR

## FÆRUM SKATTBYRÐINA ÞANGAÐ SEM HÚN Á HEIMA

Píratar ætla að loka skattglufum og endurskoða skattkerfið með almannahagsmuni, réttlæti og sanngjmi að leiðarljósi. Píratar ætla að létta skattbyrði af almenningi og færa hana á þá tekjuhæstu í samfélaginu. Endurskoða þarf fjármagnstekjuskatt til þess að ekki sé hægt að nota hann til að komast hjá því að greiða hátekjuskatt.

## ALVÖRU LOFTSLAGSAÐGERÐIR

Píratar ætla að ráðast í róttækar og skilvirkar loftslagsaðgerðir strax. Aðgerðaáætlun um samdrátt í losun og grænum og réttlátum umskiptum verður fullfjármögnuð og tímasett. Píratar ætla að láta fyrirtæki sem menga mest greiða mest. Virkjað hefur verið nóg í þágu mengandi stóriðju á Íslandi og ætlum við að draga úr vægi hennar.

## GEFUM SPILLINGUNNI FRÍ

Píratar eru í forystu í baráttunni gegn spillingu. Samfélagið tapar stórum fjárhæðum vegna skattaundanskota, fákeppni og frændhygli. Píratar ætla að efla skattrannsóknis, samkeppniseftirlit og löggæslu til þess að tryggja hér heilbrigða samkeppni þar sem allir sitja við sama borð.

## RÁÐUMST STRAX Í NEYÐARAÐGERÐIR Á HÚSNÆÐISMARKAÐI

Píratar ætla að ráðast strax í stórauðna uppbyggingu á hagkvæmu húsnæði í hæsta gæðaflokki til þess að bregðast við því neyðarástandi sem ríkir á húsnæðismarkaði. Íbúðarhúsnæði verður nýtt sem heimili, ekki sem hótél, og losað um íbúðir sem nýttar eru til skammtímaleigu.

## STYÐJUM VIÐ LISTIR OG MENNINGU

List er óaðskiljanleg samfélaginu sem hún sprettur úr og er virkt afi í mótun þess. Píratar ætla að tryggja öruggt húsnæði LHÍ og styðjandi umhverfi fyrir fjölbreytt menningarlíf.

## HÆTTUM AÐ REFSA – BYRJUM AÐ HJÁLPA

Fólk með fíknivanda ber að nálgast af virðingu. Píratar ætla að afglæpavæða neysluskammta og tryggja lagalegan grundvöll fyrir skaðaminnkandi þjónustu.

## MEIRI PENING Í VESKIÐ

Píratar ætla að hækka persónuafslátt og greiða fólk út þann persónuafslátt sem það nýtir ekki svo það hafi meiri pening á milli handanna. Við munum tryggja að ellilífeyrir fylgi launabróun, innleiða samræmt og raunhæft mat á lágmarksframfærslu allra sem þurfa að reiða sig á stuðning frá hinu opinbera.

## FJÁRFESTUM Í VELLÍÐAN OG HEILBRIGÐI

Píratar ætla að leggja áherslu á forvarnir, valdeflingu, samvinnu og skaðaminnkun – og taka upp batamiðaða nálgun og þjónustu. Við þurfum að fjárfesta þannig í samfélaginu að dregið sé úr streitu, að afkomuótti verði úr sögunni og bjóða upp á fjölbreytta nálgun þegar fólk þarf tímabundna aðstoð vegna vanlíðunar. Tryggja þarf ókeypis sálfræðiþjónusta og ráðgjöf fyrir þau sem þurfa.

## LÉTTUM LÍF FRUMKVÖÐLA

Píratar munu auka stuðning við sprotafyrirtæki og leyfa góðum hugmyndum að rætast. Við viljum einfaldari reglur og styðja við frumkvöðla og smærri fyrirtæki.

## EFLUM RÉTTINDI LEIGJENDA OG TRYGGJUM ÞEIM ÖRUGGT HÚSNÆÐI TIL LENGRI TÍMA

Píratar ætla að efla réttindi leigjenda svo fólk geti búið við fyrirsjáanleika og húsnæðisóryggi á leigumarkaði. Skapa skal hvata til langtímaleigu, auka skyldur leigusala um sanngjarna umgjörð um útleigustarfsemi og vernda leigjendur gagnvart stökkbreytingu leigu.

## EFLUM FRJÁLSA FJÖLMÍÐLUN

Píratar ætla að auka styrki til óháðra fjölmiðla og koma á fót sérstökum sjóðum fyrir rannsóknarblaðamennsku.

## VERNDUM FIRÐINA OKKAR OG LÍFRÍKI SJÁVAR

Píratar ætla að stöðva útgáfu nýrra starfsleyfa fyrir sjókvældi í opnum kvíum og banna hvalveiðar strax.

# → FRAMTÍÐARSÝN PÍRATA

## INNLEIÐUM VELSÆLDARHAGKERFIÐ

Hagkerfið á að þjóna samfélaginu en ekki öfugt. Píratar ætla að innleiða velsældarhagkerfi sem mætti grunnþörfum almennings og stuðlar að velsæld og auknum lífsgæðum. Velsældarsamfélag er sjálfbært hringrásarsamfélag sem fer vel með takmarkaðar auðindir sínar og gættir að hagsmunum framtíðarkynslóða.

## BYGGJUM MEIRA, BORGUM MINNA

Píratar ætla að skilyrða lífeyrissjóðina til að fjármagna að jafnaði um þriðjung af uppbyggingarþörf á húsnæðismarkaði. Þannig myndast sterkur aðili á markaði sem hefur sveiflujafnandi áhrif og getur viðhaldið byggingarstigi óháð aðstæðum á markaði. Stöðugt framboð tryggir lægra verð og fleiri íbúðir.

## AUKUM LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖÐ STJÓRNSÝSLUNNAR

Píratar vilja hleypa almenningi að borðinu þegar stórar ákvarðanir eru teknar um þjóðarhag. Við viljum halda þjóðfundi og borgarþing um helstu áskoranir samtímans eins og hvernig beri að takast á við loftslagsvandann og ráðast í réttlát og græn umskipti. Píratar ætla að störefla gagnsæi, lýðræðislegt samráð og íbúalyðræði um land allt.

## TRYGGJUM VERND HÁLENDISINS

Vinna við stofnun þjóðgarðs á að fara fram í lýðræðislegu ferli og á að vera sameiginlegt verkefni samfélagsins, enda mikilvægt að taka tillit til sjónarmiða þeirra sem standa með náttúruvernd.

## STYÐJUM VIÐ ÁSTRÍÐU UNGS FÓLKIS

Píratar vilja gera ungu fólk kleift að elta ástríðu sína og veita þeim tíma og rými til þess að stunda nám án streitu og afkomuótta. Við viljum breyta námslánnum í styrki, hækka framfærslu námsmanna og ráðast í stórtaeka uppbyggingu á húsnæði fyrir námsmenn.

## EVRÓPUSAMBANDIÐ

Píratar ætla að efna til þjóðaratkvæðisgreiðslu um áframhaldandi aðildarviðræður við Evrópusambandið. Píratar treysta almenningi til þess að taka upplýstar ákvarðanir um framtíðarhagsmunir lands og þjóðar.

## LÆKKUM VÖRUVERÐ

Sterkt Samkeppniseftirlit skilar sér í meiri samkeppni og lægra vöruverði til lengri tíma. Píratar ætla að styrkja Samkeppniseftirlitið og bæta neytendavernd til muna.

## BÆ BÆ VERÐTRYGGING

Píratar ætla að setja skorður á ófyrirsjáanleg lánaþjör, svo sem breytilega vexti, og fasa út verðtryggingu á fasteignarlánnum.

## LOSUM OKKUR VIÐ ÓSTÖÐUGAN GJALDMIÐIL

Íslenska krónan er of óstöðugur gjaldmiðill til að hægt sé að byggja íslenskt efnahagslíf á henni. Píratar munu hefja þá vegferð að renna traustari stoðum undir efnahagslífið, annaðhvort með því að tengja íslensku krónuna við annan gjaldmiðil eða með upptöku evru.

## EFLUM DÓMSTÓLA OG EFTIRLIT

Píratar munu efla stofnanir sem hafa eftirlit með hagsmunum almennings, svo sem Samkeppniseftirlitið og Umboðsmann Alþingis, og koma á fót sérstakri stofnun sem rannsakar spillingu til að taka hana föstum tökum.

## SETJUM Á FÓT LÖGRÉTTU

Píratar vilja setja á fót Lögréttu sem tryggir gæði lagasetningar og samræmir lög að stjórnarskrá Íslands. Þannig stoppum við ólög áður en þau verða að lögum.

## MINNI EINMANALEIKI – MEIRA BINGÓ

Píratar virða valfrélsi eldra fólks og ætla að leyfa þeim að ráða hvar og með hverjum þau búa og hvenær þau hætta störfum. Við viljum byggja upp kjarnasamfélag fjölbreyttra aldurshópa til þess að njóta einangrun og minnka einmannaleika eldra fólks.

